

Upplýsingar um málefni erlendra íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði í ágúst 2020

Fjöldi

Í upphafi árs 2020 voru íbúar Hornafjarðar með erlent ríkisfangs 540 talsins og hafði þeim fjölgað um fimm í júní samkvæmt íbúasýn. Í ágúst hafði íbúum með erlent ríkisfang aftur á móti fækkað niður í 538. Samkvæmt íbúasýn/Þjóðskrá voru 2429 einstaklingar skráðir með lögheimili í sveitarfélaginu og af þeim voru 538 með erlent ríkisfang eða um 22% íbúa.

Póstnr. 780 – 300 einstaklingar
Póstnr. 781 – 108 einstaklingar
Póstnr. 785 – 137 einstaklingar

Tölur frá júní 2020

Fjölmennustu hóparnir

PL (Pólland) – 192
HR (Króatía) – 54 (Bosnía – 22, Serbía/Kósavó – 5 sem gerir fólk frá löndum fyrrum Júgóslavíu að næst fjölmennasta hópnum, 81 einstaklingur)
CZ (Tékkland) – 51
RO (Rúmenía) – 42
PT (Portúgal) - 23
LT (Litháen) – 16
DE (Þýskaland) - 14
SK (Slóvakía) - 14
PH (Filippseyjar) – 13

Í sveitarfélaginu búa einstaklingar frá 39 þjóðernum að Íslendingum undanskilnum.

Atvinnuleysi

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru 71 einstaklingur atvinnulaus í sveitarfélagi Hornafjarðar í ágúst 2020, 65% þeirra eru erlendir ríkisborgarar.

Verkefni sem snúa að fjölmenningsmálum

Verkefni unnin á árinu 2019

- Tungumálakaffi (sveitarfélagið, Fræðslunet suðurlands, Rauði kross Íslands).
- Heimanámsaðstoð (sveitarfélagið, menningarmiðstöðin, Rauði kross Íslands).
- Brjótum ísinn þjóðum heim (sveitarfélagið, Rauði kross Íslands).

- Búin til umgjörð utan um móttökusamtöl.
- Móðurmálskennsla á Pólsku í Grunnskólanum (styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála).
- Bæklingar og mikilvægar upplýsingar á lögreglustöðina, lögreglan sér um að afhenda gögn samhliða kennitöluskráningum (sveitarfélagið og lögreglan).
- Ný stefna um túlka- og þýðingarþjónustu mynduð og samþykkt (Velferðarráð).
- Tillögur að myndun ráðs vegna stefnumótunarvinnu í fjölmeningarmálum lagðar fyrir bæjarráð sem samþykkti ekki.
- Kassi af barnabókum á bókasafninu á fjölmörgum tungumálum og aukin áhersla á að panta inn bækur fyrir fullorðna á pólsku og serbókróatísku (sveitarfélagið, bókasafnið, Ibby international, Rauði kross Íslands).

Verkefnaáætlun 2020

- Námskeið fyrir túlka 5. febrúar (sveitarfélagið og Alþjóðasetur).
- Íslenska á vinnustað, sótt um í Þróunarsjóð innflytjendamála (sveitarfélagið, Fræðslunet suðurlands, HSU).
- Íslenskupjálfun á heimilum og á bókasafni (Sveitarfélagið, Rauði kross Íslands, bókasafnið) – **Er farið af stað en svo sett á bið vegna Covid-19**
-
- Stefnumótun í fjölmeningarmálum – faghópur sem samanstendur af fólki af erlendum uppruna, stýrihópur verður velferðarteymið. – **Á bið vegna Covid-19**
- Samfélagsmatarboð með fjölmeningarlegu tvisti, sótt um í Þróunarsjóð innflytjendamála (sveitarfélagið, Rauði kross Íslands ofl.) – **Umsókn hafnað.**

Verkefni sem halda áfram

- Tungumálakaffi (sveitarfélagið, Fræðslunet suðurlands, Rauði kross Íslands).
- Brjótum ísinn bjóðum heim (sveitarfélagið, Rauði kross Íslands).
- Móðurmálskennsla á Pólsku í Grunnskólanum (styrkur úr Þróunarsjóði innflytjendamála). – **Fékkst ekki styrkur til áframhaldandi kennslu.**
- Bæklingar og mikilvægar upplýsingar á lögreglustöðinni, lögreglan sér um að afhenda gögn samhliða kennitöluskráningum (sveitarfélagið og lögreglan).
- Kassi af barnabókum á bókasafninu á mismunandi tungumálum (sveitarfélagið, bókasafnið, Rauði kross Íslands, Ibby international).

Dagleg vinnsla

- Aðstoð og ráðgjöf vegna dvalarleyfisumsókna.



- Ráðgjöf varðandi mannréttindi og félagsleg réttindi.
- Aðstoð við ýmsar skráningar hjá þjóðskrá.
- Aðstoð við að fylla út umsóknir og afla gagna (fæðingarorlofssjóður, sjúkrasjóður ofl).
- Ráðgjöf varðandi réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.
- Aðstoða fólk við að koma málum af ýmsum toga í réttann farveg (atvinnuumsóknir, mat á gráðum frá erlendum skólum, nám ofl.)
- Ráðgjöf varðandi tvítýngi.

Upplýsingagjöf

- Lögreglustöðin (þar sem kennitöluskráningar fara fram). Lögreglan sér um að afhenda upplýsingar um sveitarfélagið, upplýsingabækling um fyrstu skrefin á Íslandi, réttindi á vinnumarkaði og flokkun sorps.
- Upplýsingar fyrir erlenda íbúa um hvert megi leita til að fá aðstoð sendar árlega á alla ferðapjónustuaðila í gegnum Ríki Vatnajökuls og Vatnajökulspjóðgarð.
- Upplýsingar hengdar upp í Nýheimum, Nettó varðandi þjónustu sveitarfélagsins við erlenda íbúa sem og íslenskukennslu.
- Fjölmennningarfulltrúi mun fara ásamt starfsmanni Fræðslunets á stærstu ferðapjónustu staðina í sveitunum með upplýsingar.

Á tímum Covid

- Mikilvægar upplýsingar þýddar á ensku og pólsku, upplýsingar varðandi heilsu og öryggi, breytingar á starfsemi stofnanna sveitarfélagsins, upplýsingar um hvert skuli snúa sér varðandi réttindi tengd vinnumarkaði ofl. Upplýsingar settar á heimasíðu sveitarélags, fb síðu sveitarfélagins og upplýsingum deilt á lokaðar síður erlendra íbúa.
- Nokkuð um fyrirspurnir varðandi flutning frá landinu sem og fyrirspurnir varðandi atvinnutengd réttindi og fólki þá ýmist ráðlagt af starfsfólki félagsþjónustu eða vísað áfram til stéttarfélags eða Fjölmenningarseturs.
- Samstarf við skóla um upplýsingagjöf og stöðu fjölskylda af erlendum uppruna.

Rannsókn, Samfélög án aðgreiningar

Rannsóknin samfélög án aðgreiningar var unnin af Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri árið 2019 og miðaði að því að bera saman aðlögunarmynstur innflytjenda í sveitarfélögum. Það má segja að hún hafi markað ákveðin tímamót í rannsóknum á innflytjendamálum á Íslandi því fáar jafn viðamiklar rannsóknir á málaflokknum hafa verið gerðar hérlendis og svörun gekk vonum framar.

Markmið könnunarinnar var að fá innsýn í stöðu innflytjenda í íslensku samfélagi og áhersla lögð á þætti er varða tungumál, atvinnu, menntun, menningu og hamingju. Jafnhliða því var gerð könnun á viðhorfum Íslendinga til fjölmenningar og innflytjenda. Tólf svæði og sveitarfélög voru skoðuð sérstaklega þar sem að þau uppfylltu skilyrði rannsóknarinnar um fjölda búsettra innflytjenda á svæðinu.

Hér fyrir neðan má sjá Upplýsingar sem Ómar Hjalti frá Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sendi félagsþjónustunni. Grafið sýnir niðurstöður rannsóknarverkefnisins Samfélög án aðgreiningar. Tölurnar eru í takt við landsmeðaltal og er Sveitarfélagið Hornafjörður aðeins yfir því.

